

Aðalfundur Skáksambands Íslands 2015

– Haldinn í Kópavogi laugardaginn 30.maí kl.10 -

1. Forseti setur fundinn og lætur kjósa fundarstjóra og fundarritara

Gunnar Björnsson forseti Skáksambands Íslands setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann stakk upp á Áskeli Erni Kárasyni (SA) sem fundarstjóra og Helga Árnasyni (Fjöltnir) til vara. Forseti lagði jafnframt til að Kjartan Maack (TR) verði ritari fundarins og Andrea Margrét Gunnarsdóttir vararitari. Fundurinn samþykkti þessar tillögur án athugasemda og tóku starfsmenn fundarins þegar til starfa. Í kjölfarið kannaði fundarstjóri lögmati fundarins og lýsti hann löglegan.

2. Kynnt fundargerð síðasta aðalfundar

Fundargerð síðasta aðalfundar lá fyrir fundinum. Enginn fundarmanna kvaddi sér hljóðs um hana og var fundargerðin samþykkt samhljóma.

3. Kjörbréfanefnd gerir grein fyrir kjörbréfum og kannar fundarsókn

Ólafur H. Ólafsson (TR) formaður kjörbréfanefndar gerði grein fyrir kjörbréfum og kannaði fundarsókn. Alls sendu níu aðildarfélög Sí kjörbréf:

Aðildarfélag	Fulltrúar	Félagsmenn	Lið í ÍS	Mættir
Taflfélag Reykjavíkur	9	373	8	3
Skákfélagið Huginn	9	375	8	7
Skákfélag Akureyrar	5	88	3	4
Víkingaklúbburinn	5	57	4	1
Skákdeild Fjöltnis	4	88	4	3
Skákfélag Íslands	4	51	3	1
Breiðablik	1	17	0	1
Taflfélag Garðabæjar	3	150	2	1
Taflfélag Bolungarvíkur	2	82	1	2

Alls voru 53 fulltrúar mættir á fundinn. Kjörbréf voru samþykkt samhljóma.

4. Forseti flytur skýrslu stjórnar

Gunnar Björnsson (Huginn), forseti, flutti [skýrslu stjórnar](#) og fór yfir helstu þætti í starfsemi Sí á starfsárinu. **Reykjavíkurskák mótið** bar hæst og gekk framkvæmd mótsins vel. Erlendum keppendum fjölgar jafnt og þétt og í ár var sett þátttökumet fimmta árið í röð. Nýr styrktaraðili kom að mótinu – GAMMA, og var samstarfið afar gott. Gerður var fjögurra ára samningur við GAMMA. Reykjavíkurborg hefur gert styrktarsamning við Sí vegna mótsins til ársins 2017. Einnig er búið að semja við Hörpu til ársins 2017 um að hýsa mótið.

Landsliðsflokki er nýlokið og var hann haldinn í Hörpu. Íslandsmeistari varð Héðinn Steingrímsson. Héðinn var á meðal fundargesta og stóðu fundarmenn upp og klöppuðu fyrir Íslandsmeistarinum. Héðinn er nú þrefaldur Íslandsmeistari (kappskák, atskák og hraðskák). **Íslandsmóti kvenna** lauk nýverið og varð Lenka Ptacnikova Íslandsmeistari fimmta árið í röð. **Íslandsmót skákfélaga** gekk vel og var metþátttaka í mótinu.

Landsmótið í skólaskák gekk vel en mótið var haldið á Selfossi. **Íslandsmót eldri skákmanna** var nýjung í starfsemi Sí. Björgvin Víglundsson varð Íslandsmeistari 65 ára og eldri. Guðmundur Gíslason varð Íslandsmeistari 50 ára og eldri. Dagur Ragnarsson og Nansý Davíðsdóttir urðu **Norðurlandameistarar** á árinu.

Ólympíumótið í Tromsø gekk vel fyrir sig frá sjónarhóli íslensku liðanna. Árangur beggja liða var betri en skákstig gáfu til kynna. Framundan er stórt verkefni því **EM landsliða** verður haldið hér á landi í nóvember. Reiknað er með um 500 erlendum gestum. Margir af sterkustu skákmönnum heims munu tefla á mótinu.

5. Gjaldkeri gerir grein fyrir reikningum síðasta árs

Gunnar Björnsson (Huginn) hlóp í skarðið fyrir gjaldkera sambandsins og gerði grein fyrir [reikningum síðasta árs](#) (bls. 120-130). Gunnar hóf mál sitt á því að biðjast velvirðingar á því að Skáksambandið skyldi ekki kynna árseikning með löglegum fyrirvara, en ársreikningur birtist einum sólarhring fyrir Aðalfund. Smávægilegt tap varð á árinu, um 700.000 krónur. Hagnaður var af Reykjavíkurskáknotinu. Aukinn kostnaður hefur verið vegna áfangagreiðslna. Einar Hjalti Jensson, Guðmundur Kjartansson og Björn Þorfinnsson náðu allir stórmeistaraáfangi, auk þess sem Einar Hjalti varð Alþjóðlegur meistari á starfsárinu. Erfitt hefur verið að sækja styrki undanfarin ár. Fasteignamat húsnæðis SÍ hefur hækkað um 6 milljónir á milli ára.

6. Umræður um störf stjórnarinnar og afgreiðslu reikninga

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá fyrir umræður um störf stjórnar og afgreiðslu reikninga.

Páll Sigurðsson (TG) kvaddi sér hljóðs og þakkaði stjórn SÍ fyrir sín störf. Páll óskaði eftir því að fundargerðir frá stjórnarfundum SÍ verði birtar fyrr á vef sambandsins en verið hefur.

Jón Þorvaldsson (Huginn) steig í pontu og sagði kraft einkenna Skáksambandið. Jón sagði Gunnar forseta njóta mikillar lýðhylli og þó svo ársreikningar hafi borist seint þá sé framtíð forsetans björt.

Kristján Örn Elíasson (Skákf.Ísl) var næstur í pontu og benti á að félag sitt væri skuldlaust gagnvart Skáksambandinu þó svo annað kæmi fram í ársreikningi. Gunnar Björnsson (Huginn) benti þá á að ársreikningur miðist við almanaksárið. Ekki kvöddu fleiri sér hljóðs og voru reikningar samþykktir af þorra fundarmanna.

7. Inntaka nýrra félaga

Gunnar Björnsson (Huginn), forseti, steig í pontu og kynnti beiðni Skákgengisins um inngöngu í Skáksambandið. Lagði Gunnar til að beiðni Skákgengisins yrði samþykkt. Ólafur H. Ólafsson (TR) sagði það fagnaðarefni þegar ný félög ganga í sambandið. Ólafur spurðu hvort félagið ætli að senda inn kjörbréf. Það stóð ekki til, enda enginn fulltrúi Skákgengisins viðstaddur fundinn. Fundarmenn klöppuðu þá fyrir nýju félagi.

8. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár, almennar umræður og afgreiðsla

Gunnar Björnsson (Huginn), forseti, kynnti [fjárhagsáætlun ársins 2015](#) (bls. 131) og sagði hann áætlunina vera hefðbundna að öðru leyti en EM landsliða. **Það mót** mun kosta um 40 milljónir en ríkisstjórnin hefur styrkt verkefnið um 25 milljónir og Reykjavíkurborg leggur fram Laugardalshöllina SÍ að kostnaðarlausu Gunnar kynnti þá nýtt verkefni **Skák eflir skóla**. Verkefnið snýst um að virkja kennara í grunnskólum landsins til þess að sinna skákkennslu í sínum skólum. Menntamálaráðuneytið styrkti verkefnið og hefur stjórn Skáksambandsins falið Stefáni Bergssyni að stýra verkefninu. Gunnar lagði jafnframt til að Stefán Bergsson geri grein fyrir verkefninu undir liðnum önnur mál. Gunnar benti á að smávægilegt tap hefði orðið á **útgáfu bókar um sögu Reykjavíkurskáknotanna**, en tapið verður þó að öllum líkindum minna en fram kemur í áætlun. Fjárhagsáætlun var borin undir fund til samþykktar og var hún samþykkt með þorra atkvæða.

9. Kosning stjórnar og varastjórnar

Tveir fundarmenn, Halldór Grétar Einarsson (TB) og Steinþór Baldursson (Huginn) stungu upp á Gunnari Björnssyni (Huginn) til áframhaldandi setu í forsetastóli sambandsins. Engin mótframboð bárust.

Fundarmenn klöppuðu fyrir kosningu Gunnars.

Gunnar Björnsson (Huginn) kom í pontu og þakkaði stuðninginn. Hann gerði tillögu að nýrri stjórn skipaðri Steinþóri Baldurssyni (Huginn), Róberti Lagerman (Vinaskáklfélagið), Kjartani Maack (TR), Stefáni Bergssyni (SA), Ingibjörgu Eddu Birgisdóttur (TR) og Óskari Long Einarssyni (SA). Voru þau lýst réttkjörnir stjórnarmenn. Gunnar gerði þá tillögu að nýrri varastjórn skipaðri Omari Salama (TR), Birni Ívari Karlssyni (TV), Andreu Margréti Gunnarsdóttur og Doniku Kolica (TR). Voru þau lýst réttkjörin í varastjórn.

10. Kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara

Gunnar gerði tillögu um Árna Björn Jónasson (TK) og Þráin Vigfússon (Huginn) sem aðalmenn og Hlíðar Þór

Hreinsson (Huginn) til vara og var tillagan samþykkt samhljóða.

11. Kosnir 3 menn í kjörbréfanefnd og 3 til vara

Tillaga Gunnars um Ólaf H. Ólafsson (TR), Harald Baldursson (Víkingaklúbburinn) og Kristján Örn Elíasson (Skákf.Ísl) sem aðalmenn og Árna Á. Árnason (TB), Magnús Matthíasson (SSON) og Georg Pál Skúlason (TR) til vara var samþykkt samhljóða.

12. Kosnir 3 menn í dómstól Skáksambands Íslands og þrjú til vara

Tillaga Gunnars um Halldór B. Halldórsson (SA), Ólaf H. Ólafsson (TR) og Braga Halldórsson (Huginn) sem aðalmenn og til vara Björgvin Jónsson (SR), Andra Hrólfsson og Hlíðar Þór Hreinsson (Huginn) var samþykkt samhljóða.

13. Umræður og breytingar á lögum og keppnisreglum Skáksambandsins

Skákdeild Fjölnis [gerði tillögu að breytingum á 13.grein laga](#). Flutningsmaður tillögunnar, Héðinn Steingrímsson (fyrir hönd Skákdeildar Fjölnis), gerði grein fyrir tillögunni. Siðareglur sem lagðar eru til grundvallar tillögunni voru fengnar frá ÍSí. Héðinn lagði áherslu á að siðareglur verði teknar upp í skákinni. Stefán Bergsson (SA) kvaðst ekki hrifinn af svo ítarlegum siðareglum og sagði mikilvægt að ef sambandið setti sér siðareglur væri það gert með meiri vinnu en svo að taka reglur gagnrýnilaust frá ÍSí.

Ólafur H. Ólafsson (TR) tók undir með Stefáni og sagði 13.greinina vera í góðu lagi eins og hún er. Lagði hann til að tillagan yrði felld eða að öðrum kosti vísað til stjórnar Sí til meðhöndlunar.

Fundarstjóri benti fundarmönnum á að siðareglurnar sem slíkar væru ekki hluti af breytingatillögunni og bað fundarmenn um að ræða siðareglurnar ekki efnislega.

Héðinn Steingrímsson (Fjölur) sagði breytingatillöguna snúast um það að sett yrði í lög að skákhreyfingin skuli setja sér og fara eftir siðareglum. Sjálfar reglurnar væru svo útfærsluatriði.

Kristján Örn Elíasson (Skákf.Ísl.) lagði til að tillaga Héðins yrði samþykkt.

Páll Sigurðsson (TG) sagði óþarfi að slíkar siðareglur gildi eingöngu um störf stjórnar, þær ættu að ná til allrar skákhreyfingarinnar.

Jón Þorvaldsson (Huginn) þakkaði Fjölni og Héðni fyrir að hreyfa við málinu. Hann sagði slíkar reglur verði að gilda fyrir öll skákfélög og að reglurnar verði lagðar til grundvallar áframhaldandi vinnu með málið.

Halldór Grétar Einarsson (TB) sagðist fylgjandi því að settar verði siðareglur. Hann sagði þær þó gilda bæði um stjórn Sí sem og alla þá sem koma að störfum innan sambandsins, til dæmis skákþjálfara. Halldór Grétar lagði til að þverfaglegur hópur verði settur á laggirnar sem kemur með tillögu um málið.

Áskell Örn Kárason (SA) velti fyrir sér hvort þetta væri réttur framgangsmáti. Hann lagði til að málinu yrði vísað til stjórnar sem yrði gert að ljúka málinu fyrir næsta Aðalfund.

Kristján Örn Elíasson (Skákf.Ísl) taldi mikilvægt að stjórninni yrði ekki falið að taka ákvörðun um hvort siðareglur yrðu teknar upp. Þess í stað vildi hann samþykkja upptöku siðareglna en stjórninni yrði gert að vinna málið frekar.

Andrea Margrét Gunnarsdóttir kvaðst fylgjandi siðareglum og lagði til að Sí skipaði starfshóp sem skilar niðurstöðum fyrir næsta Aðalfund.

Óskar Long Einarsson (SA) tók undir með Andreu og lagði jafnframt til að tillögunnar yrðu tilbúnar amk 30 dögum fyrir næsta Aðalfund.

Pálmi R. Pétursson (Huginn) kvaðst fylgjandi málflutningi Andreu og sagðist styðja tillögu Áskels Arnar Kárasonar um að vísa málinu til stjórnar.

Kristján Örn Elíasson (Skákf.Ísl) lagði frekari áherslu á að setning um siðareglur megi bæta við líkt og tillaga Skákdeildar Fjölnis gengur út á. Orðalagi megi breyta, en siðareglur eiga heima í lögum sambandsins. Því næst bar fundarstjóri svohljóðandi frávisunartillögu til atkvæða: “Tillögu vísað til stjórnar til frekari vinnslu. Fundurinn skorar á stjórn Sí að útbúa siðareglur fyrir skákhreyfinguna sem liggja skulu fyrir 30 dögum fyrir Aðalfund Sí 2016.” Frávísunarillagan var borin til atkvæða og var hún samþykkt með 14 atkvæðum gegn 10.

Næst var tekin fyrir [breytingatillaga um 14.grein](#) um útreikning skákstiga. Flutningsmaður tillögunnar, Halldór Grétar Einarsson (TB), benti á að í dag er það skylda Skáksambandsins að reikna íslensk skákstig. Það er óþarfi að skylda sambandið til þess í dag þegar ekki er lengur þörf á íslenskum skákstigum.

Páll Sigurðsson (TG) kvaðst sammála því að rétt væri að undirbúa að hætta að reikna íslensk skákstig. Páll benti á að í mörgum reglugerðum væri þó miðað við íslensk stig þegar valið væri á barna- og unglíngamót. Þetta þarf að hafa í huga og laga ef hætta á að reikna íslensk stig.

Steinþór Baldursson (Huginn) kvaðst ósammála þessum málflutningi og vildi meina að mikilvægt væri að reikna áfram íslensk skákstig. Kostirnir væru ótvíræðir. Til dæmis hefðum við betri stjórn á eigin útreikningi. Einnig sagði Steinþór að yngsta kynslóðin horfir ennþá til íslensku stiganna. Að endingu benti Steinþór á að nýafstaðið Landsmót uppfyllti ekki kröfur FIDE.

Fundarstjóri benti á að tillagan fæli ekki í sér að Skáksambandið yrði að hætta að reikna íslensk stig, heldur einungis að það væri ekki lengur skylda.

Ólafur H. Ólafsson (TR) tók undir með Steinþóri og sagði galla við alþjóðlegu stigin vera þann að fyrstu stig væru mjög ónákvæm. Íslensku stigin væru því betri mælikvarði á getu skákmanna og því mikilvægt að halda áfram að reikna þau.

Halldór Grétar (TB) áréttaði að ekki væri verið að leggja til að íslensku stigin yrðu ekki lengur reiknuð, heldur einungis að það væri ekki skylda að reikna þau. Halldór Grétar lýsti jafnframt þeirri skoðun sinni að FIDE stig væru orðin marktækari mælikvarði en þau íslensku því þau taki bæði mót á Íslandi og utan landsteinanna. Halldór Grétar bætti svo við að öll kappskákmót væru send til FIDE.

Páll Sigurðsson (TG) sá ekki ástæðu til þess að hætta að reikna íslensku stigin. Ef það er gert verðum við að hætta að miða við íslensk stig þegar sent á HM, EM ofl. Tímamörkum á mörgum mótum þarf svo að breyta til að uppfylla skilyrði FIDE fyrir stigaútreikning kappskáka því FIDE reglur kveða á um lágmark 60 mínútna skákir ef allir skákmenn eru undir 1600 skákstigum.

Jón Þorvaldsson (Huginn) sagði öll vötn falla til FIDE stiga og benti á að hægt væri að reikna íslensk stig fyrir þá sem ekki hafa FIDE stig.

Héðinn Steingrímsson (Fjölur) lagði fram breytingatillögu sem var á þá leið að núverandi ákvæði 14.greinar héldist óbreytt, en ákvæði í tillögu Halldórs Grétars myndi bætast við 14.grein.

Halldór Grétar (TB) studdi breytingatillögu Héðins og sagði máli sínu til stuðnings að FIDE stig væri mælikvarði allra skákmanna.

Haraldur Baldursson (Víkingsklúbburinn) spurði hvað kostaði að reikna íslensk skákstig. Halldór Grétar svaraði því til að kostnaðurinn væri í kringum 70.000 krónur á ári.

Birkir Karl Sigurðsson (Breiðablik) benti á að miða bæri við FIDE stig þegar valið væri á NM.

Fundarstjóri bar því næst upp breytingatillögu Héðins sem felst í því að eftirfarandi setningu er bætt við 14.grein: "Stjórn SÍ sendir öll kappskákmót á vegum sambandsins til útreiknings hjá FIDE. Einnig þau kappskákmót sem aðildarfélög þess senda inn." Þorri fundarmanna samþykkti breytingartillöguna.

Fundarstjóri tók næst fyrir [lagabreytingatillögu frá Skákdeild Fjölur á 6.grein](#). Flutningsmaður tillögunnar var Héðinn Steingrímsson (Fjölur). Héðinn kvaðst vilja setja auknar kröfur á Skáksambandið vegna mikilvægustu skákmóta þess, og vísaði hann sérstaklega til Landsliðsflokks. Héðinn sagði mikið öryggi fólgið í því fyrir skákmenn ef mótshaldarar væru bundnir reglugerðum um aðbúnað. Hann sagði jafnframt að ekki væri ásættanlegt að miða aðeins við lágmarkskröfur, heldur yrði sambandið að vinna eftir hærri standard. Fundarstjóri spurði þá hver munurinn væri á núverandi reglum og þeim sem breytingatillagan fjallar um. Héðinn svaraði því til að um mörg lítil atriði væri að ræða, td. hvernig setja ætti upp skáksal, bil á milli borða og tími umferða. Hann benti jafnframt á að Þjóðverjar hafa þessar reglur útpældar hjá sér og það mætti taka það inn í okkar umhverfi.

Stefán Bergsson (SA) sagði mótshaldara á Íslandi ávallt leggja sig fram um að hafa aðbúnað keppenda sem bestan. Tók hann einnig dæmi af nýafstöðnum Landsliðsflokki þar sem tíma umferðar var breytt til að gera aðbúnað keppenda sem bestan. Stundum þarf að bregðast við óvæntum aðstæðum og of miklar reglur geta þá verið hamlandi. Stefán lagði áherslu á að breytingatillögu Héðins verði vísað frá.

Steinþór Baldursson (Huginn) tók í svipaðan streng og sagði aðstæður í Landsliðsflokki betri að mörgu leyti heldur en á Ólympíuleikunum í Tromsø á síðasta ári. Steinþór lagði áherslu á að ekki yrðu settar stífar reglur. Héðinn (Fjölur) kom aftur upp og sagði þessar reglur ekki gilda um Ólympíumótið í ljósi fjölda þátttakenda. Hann sagði Reykjavíkurskák mótið vel skipulagt, en landsliðsflokkur væri ekki eins góður. Þar var fyrirvari til dæmis of stuttur. Daginn fyrir mót var salur settur upp og keppendur vita lítið um aðbúnað fyrirfram.

Héðinn sagði þessar tillögur mjög til bóta og að þær virki vel í Þýskalandi þar sem hann sagði allt í 100% lagi. Halldór Grétar Einarsson (TB) ljáði máls á því að mótareglur FIDE væru leiðbeinandi frekar en skyldur.

Hugmyndir Héðins um 'top level mót' væru fyrir 2700 stiga menn og segir Halldór Grétar það full langt seilst

fyrir Landsliðsflokk. Halldór Grétar sagði þó reglur SÍ um Landsliðsflokk væru of þunnar og því mætti gera þær betri með því að líta til mótareglna FIDE, en ekki reglur um top-level mót.

Gunnar Björnsson (Huginn) benti á að Top-level reglur myndu þýða að Landsliðsflokkur í Hörpu væri ekki löglegur. Það væri of stífar reglur fyrir top-level mót. Auk þess vildi Gunnar meina að mótahald hér á landi væri af mjög háum standard og spurði hvort mögulegt væri að Þjóðverjarnir gætu lært eitthvað af okkur á þessu sviði.

Héðinn (Fjöltnir) gerði þá breytingatillögu á tillögu Fjölnis sem fólst í því að taka ákvæði um top-level mót- út en halda inni reglum Þjóðverja. Auk þess benti Héðinn á að við ættum ekki að vera dómarmar í eigin sök og ættum því að fara varlega í að fullyrða að mótin okkar væru svona rosalega góð.

Erlingur Þorsteinsson (Fjöltnir) steig í pontu og sagði að við ættum að miða við það besta sem væri til.

Héðinn (Fjöltnir) lagði til að hann fyndi þýsku reglurnar á netinu, prentaði þær út og kynnti fyrir fundinum. Fundarstjóri sagði Aðalfund ekki vettvang fyrir nefndarvinnu og hafnaði þessari beiðni eftir nokkra umhugsun. Lagði hann til að tillaga Fjölnis yrði lögð undir fundinn.

Gunnar Björnsson (Huginn) lagði til að frávísunartillaga á tillögu Fjölnis yrði fyrst tekin fyrir. Fundarstjóri lagði frávísunartillöguna fyrir fund og samþykkti fundurinn hana með 19 atkvæðum, 3 voru á móti. Tillögu Fjölnis var því vísað til stjórnar SÍ og mun Héðinn Steingrímsson senda stjórn SÍ greinargerð um málið.

Fundarhlé var gert.

Eftir fundarhlé kvaddi fundarstjóri sér hljóðs og áréttaði að Héðinn ætli að taka saman minnisblöð fyrir stjórn SÍ vegna tillögu Fjölnis um breytingu á 6. grein.

Næst var tekin fyrir [breytingatillaga Fjölnis á 15. grein](#). Flutningsmaður tillögunnar, Héðinn Steingrímsson (Fjöltnir), gerði grein fyrir tillögunni. Héðinn sagði stigahæsta skákmann landsins í raun réttindalausán.

Páll Sigurðsson (TG) kvaddi sér hljóðs og sagði hugmyndir Héðins góðar og gildar en að fundurinn yrði að gera sér grein fyrir því að þær þýddu kostnaðarauka upp á 300-500þúsund krónur á ári fyrir SÍ.

Gunnar Björnsson (Huginn) sagði núverandi reglur ágætær eins og þær væru. Fjórar leiðir væru til að vinna sér inn sæti á EM (Íslandsmeistari, 2600+, sigurvegari RVK open og performance uppá 2670 + GM árangur).

Gunnar benti á að á næsta EM einstaklinga hefðu fjórir einstaklingar unnið sér inn keppnisrétt (Íslandsmeistari, 2600+. Gunnar lagði til að tillögu Fjölnis yrði vísað frá.

Fundarstjóri benti á að Gunnar væri að vísa í reglugerð en tillaga Fjölnis fæli í sér lagaskyldu.

Héðinn (Fjöltnir) sagði það vera til bóta fyrir stigahæsta skákmann landsins að eiga sæti á EM víst. Það myndi minnka sveiflur í fjölda þátttakenda frá Íslandi. Tillaga Fjölnis var borinn fyrir fundinn og var henni hafnað með 11 atkvæðum gegn 2.

Næst var tekin fyrir [breytingatillaga Stefáns Bergssonar \(SA\) og Gunnars Björnssonar \(Huginn\) um 3.grein](#).

Flutningsmaður tillögunnar, Stefán Bergsson (SA), gerði grein fyrir tillögunni. Hann sagði tillöguna samræmast reglum FIDE um EM og HM auk þess sem þær ykju veg Unglingameistaramóts Íslands því sigurvegari þar fær rétt til að tefla í Landsliðsflokki. Kerfisbreyting á aldursflokki er þó aðal mál tillögunnar.

Páll Sigurðsson (TG) fagnaði tillögunni og spurði hvort yrði sér flokkaskipting fyrir stúlkur. Það gæti komið einkennilega út þar sem stundum væri þá aðeins ein stúlka í hverjum flokki. Einnig spurði Páll hvort flokkar yrðu tefldir samhliða.

Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir (Huginn) kvaddi sér hljóðs og lagði til að sér stúlknaflakkar yrðu fjarlægðir úr tillögunni. Hún taldi ekki raunhæft að hafa sér stúlknaflakka. Betra væri ef stúlkur tefldu í opnum flokki og efsta stúlka hvers flokks yrði krýnd Íslandsmeistari.

Gunnar Björnsson (Huginn) skaut því að að stjórn SÍ hefði rétt til að láta flokka tefla í sama móti.

Pálmi R. Pétursson (Huginn) fannst einkennilegt að tala um 22 ára gamlan einstakling sem ungling. Hann sagðist jafnframt íhaldssamur á sæti í Landsliðsflokki. Hann vildi meina að með þessu væri verið að taka sæti af öðrum mjög sterkum skákmönnum. Að öðru leyti kvaðst hann samþykkur tillögunni.

Áskell Örn Kárason (SA) spurði hvort efri mörkin (22 ár) væru þau sömu og FIDE miðaði við. Stefán Bergsson (SA) sagði svo ekki vera.

Héðinn Steingrímsson (Fjöltnir) sagði of stíft að miða við 17 ár sem lágmark. Sjálfur varð hann Íslandsmeistari 15 ára en hefði ekki verið gjaldgengur samkvæmt þessum reglum.

Stefán Bergsson (SA) sagði mikilvægt að okkar fremstu unglingar fái kontakt við okkar sterkustu skákmenn.

Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir (Huginn) lagði frekari áherslu á að telpur mættu tefla í opnum flokki. Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði. Breyting á 3. grein var samþykkt 13-0. Breyting á 4. grein fór næst í atkvæðagreiðslu sem endaði 9-9. Var þá farið fram á endurtalningu og þar var breytingin samþykkt 10-9. Fundarritari benti á að ekki væri um endurtalningu að ræða, heldur endurkosningu því ný hönd hefði farið á loft í seinna skiptið. Fór nokkur umræða af stað um málið en niðurstöður atkvæðagreiðslu stóðu óhaggaðar. Að lokum var breytingatillaga Hallgerðar Helgu um að efsta stúlka hvers flokks yrði krýnd Íslandsmeistari borin til atkvæða og var hún samþykkt með þorra atkvæða.

Næst voru teknar fyrir tvær tillögur starfshóps um Íslandsmót skákfélaga. Halldór Grétar Einarsson (TB), flutningsmaður og formaður starfshóps, gerði grein fyrir tillögunum. Fyrri tillagan fól í sér [6 liða sveita deild](#) en sú seinni [8 liða deild](#). Halldór Grétar gerði sérstaklega grein fyrir tillögu um 6 liða deild. Hann sagði hana bjóða uppá deild með liðum sem væru mun jafnari að styrk en nú er og um leið ykist spenna í deildinni. Halldór Grétar sagði áfangamöguleika aukast mikið með auknum styrkleika liðanna. Ein af stóru breytingunum sem þessi tillaga felur í sér er að teflt er á þremur helgum í stað tveggja eins og verið hefur undanfarin ár. Fimmtudagsumferðir hafa ekki verið vinsælar og valda missterkum sveitum á milli umferða. Efsta deild verður ekki með nema um 48 keppendur samkvæmt þessari tillögu og því auðveldara að dreifa keppni yfir þrjár helgar. Umferðum fjölgar jafnframt úr 9 í 10. Hugmyndin er að tefla sitthvoru megin við Reykjavíkurskákómótið. Fleiri breytingar sem tillagan felur í sér eru að aðeins er einn útlendingur leyfður í stað tveggja; efsta deild fær nafnið Úrvalsdeild; engar hömlur á útlendingum undir 2300 skákstigum; samræming orðalags; skila inn ýjum styrkleikaröðuðum lista ef nýir liðsmenn bætast við; reglugerð hert vegna sameininga.

Fundarstjóri benti á að ef báðar tillögur verða felldar þá gildir núverandi fyrirkomulag.

Jón Þorvaldsson (Huginn) þakkaði nefndarmönnum þeirra miklu vinnu en sagði að þó gáfaðir menn komi saman og fundi reglulega vetrarlangt þá sé niðurstaðan ekki alltaf gáfuleg. Jón sagði að skákhreyfingin ætti að haga sér eins og olúskip í þessu máli og hreyfa sig hægt. Jón sagðist ekki vilja hreyfa við núverandi fyrirkomulagi á þessum tímapunkti, heldur ætti að gefa núverandi fyrirkomulagi lengri tíma. Jón spurði líka hvers vegna klúbbar ættu að þurfa að takmarka sig við einn sterkan útlending en engar takmarkanir væru á útlendingum undir 2300 skákstigum. Jón vildi meina að nóg væri að takmarka klúbba við fjóra erlenda ríkisborgara, tvo yfir 2300 og tvo undir 2300.

Helgi Árnason (Fjölnir) steig í pontu og sagði Íslandsmót skákfélaga samfélagseflandi. Helgi tók undir með Jóni og vill láta reyna betur á núverandi fyrirkomulag. Hann sagði jafnframt ósamræmi varðandi kostnað og spurði af hverju b-sveitir ættu ekki heima í efstu deild. Helgi sagði áfangahæft mót ekki endilega vera besta markmið þessa móts. Áfangahæfi gæti verið á öðrum vettvangi, t.d. með lokuðum flokki í Reykjavíkurskákómótinu. Helgi vill leggja áherslu á að fleiri lið frá landsbyggðinni mæti alltaf í mótið. Helgi lagði til að báðar tillögur yrðu felldar.

Páll Sigurðsson (TG) sagðist hafa verið í nefndinni og benti á að ef tillaga um 6 lið verði samþykkt þá verði b-sveitir bannaðar í efstu deild, en það ætti ekki við um tillögu um 8 liða deild. Páll sagði ekki skipta máli hve margir útlendingar væru leyfðir. Páll sagðist hlyntur að kalla efstu deild Úrvalsdeild. Páll sagði ennfremur að fáránlegt væri að tefla með færri borðum í neðri deildum, og að tillögur um þessa keppni miðuðust alltaf við efstu deild þó svo þetta væri keppni allra liða. Hann benti líka á að ekki væri heldur æskilegt að hafa b-sveitir í öðrum deildum.

Kristján Örn Elíasson (Skákf.Ísl) kvaddi sér hljóðs og tók undir með öðrum ræðumönnum og vildi frávísunartillögu á báðar tillögur, en sagði þó að ef það yrði samþykkt þyrfti að laga orðalag í 19. grein varðandi það ef sveitir sundrast.

Fundarstjóri benti á að áður hafi málum verið vísað til stjórnar til frekari útfærslu.

Jón Þorvaldsson (Huginn) kom aftur upp og sagði 6 liða hugmyndina ágæta en hún væri þó óþroskuð. Jón lagði áherslu á að núverandi fyrirkomulagi yrði ekki breytt. Hann lagði til frávísunartillögu: "Tillögum vísað frá en tekið fyrir á næsta aðalfundi að undangenginni frekari vinnu stjórnar."

Halldór Grétar (TB) kom aftur upp og sagði að þeir sem komu að því að móta þessar tillögur hafi farið mjög vel yfir málin. Hann sagði að þó menn mæti óundirbúnir á Aðalfund þá megi ekki tala um að tillögur séu óþroskaðar. Hann minnti á að áfangahæfni ykist mikið með þessum tillögum frá því sem verið hefur.

Páll Sigurðsson (TG) sagði kostnað við útlendinga vera einkamál hvers og eins félags. Hann vildi meina að í tillögunum fælust góðar breytingar og vildi ekki vísa þeim frá að óathuguðu máli.

Jón Þorvaldsson (Huginn) steig á ný í pontu og baðst afsökunar á orðavali sínu fyrr á fundinum. Hann sagði 6

liða tillögu skynsama. Hann bað þá Halldór Grétar sérstaklega afsökunar. Jón telur sátt geta náðst um þetta mál á næsta Aðalfundi og vonar að málið verði kynnt með góðum fyrirvara.

Fundarstjóri tók þá til máls og sagði vinnubrögð í þessu máli til fyrirmyndar. Hann sagði oft vanta heildarsamhengi í tillögur en hér væri heildarsamhengi til staðar. Fundarstjóri lagði þá frávisunartillögu Jóns fyrir fundinn. Hún var samþykkt með 10 atkvæðum gegn 8. Báðum tillögum var því vísað frá.

14. Önnur mál

Stefán Bergsson (SA) steig í pontu og gerði grein fyrir verkefninu 'Skák eflir skóla'. Skólar geta sótt um að einn kennari læri að kenna skák í skólanum. Tíu skólar geta sótt um. Verkefnið verður sett strax af stað. Haraldur Baldursson (Vikingaklúbburinn) kom þá í pontu og gagnrýndi að hafa ekki fengið að taka þátt í umræðu um tillögurnar tvær um Íslandsmót skákkféлага, en fundarstjóri gleymdi honum. Haraldur sagði vinnubrögð fundarins hæpin. Hann benti á að nefnd sé búin að leggja á sig mikla vinnu og tillögurnar hafi veri kynntar með mánaðarfyrirvara. Hann benti jafnframt á að ekki mætti hafa áhrif á úrslit síðasta árs. Páll Sigurðsson (TG) spurði þá hvernig framlagi til verkefnisins 'Skák eflir skóla' yrði varið. Hann spurði hvort allt framlagið færi í laun til Stefáns Bergssonar. Páll sagði framtakið gott. Páll spurði líka hvernig skákkennslu í Skákskóla Íslands væri háttað, þe. Hvort skólastjóri kenndi 90% líkt og launagreiðslur bentu til. Halldór Grétar (TB) benti á að stórmeistarar kenni frítt í Skákskólanum. Páll sagði stúlknaflökk 13-15 ára væri að hverfa. Engin þjálfun væri fyrir stúlknaflökk frá því Davíð Ólafsson hætti með sinn hóp. Landsliðsvaldar taka ákvarðanir í þessum efnum en eru ekki á launum. Páll sagði ómarkvissa stefnu ríkjandi í þjálfunarmálum, auk þess sem í sumum tilfellum væri verið að ofþjálfar.

Helgi Árnason (Fjölnir) steig á í pontu og kynnti að hann tæki við sem fundarstjóri í fjarveru Áskels.

Steinþór Baldursson (Huginn) tók til máls og sagði að fyrri stjórn hefði leitað til Stefáns Bergssonar til að leiða verkefnið 'Skák eflir skóla'. Hann benti á að Stefán þyrfti að skila skýrslum mánaðarlega til stjórnar Sí um framgang verkefnisins. Steinþór lagði til að skýrsla yrði gerð aðgengileg á vef sambandsins. Einnig yrði skýrsla send Menntamálaráðuneyti næsta haust og um leið yrði óskað eftir hækkun á framlagi.

Helgi Árnason (Fjölnir) talaði um hve öflugar skákbjálfa væru við hefðum og að gæta yrði þess að fleiri komi að verkefninu.

Pálmi R. Pétursson (Huginn) beindi því til stjórnar Sí að bera einungis fram eina tillögu um Íslandsmót skákéлага fyrir næsta Aðalfund. Að lokum þakkaði Pálmi samstarfið og óskaði nýrri stjórn heilla.

Helgi (Fjölnir) þakkaði Pálma fyrir góð störf í þágu skákhreyfingarinnar.

Gunnar Björnsson (Huginn) hafði frumkvæði að því að klappað yrði fyrir Ásdísi og Birnu fyrir framúrskarandi veitingar. Gunnar þakkaði Pálma sérstaklega fyrir góð störf.

Fundi slitið 14:55.

Fundargerð ritaði Kjartan Maack.